

# Áfangalýsing

<b>Titill</b>	<b>ÖROF1ÖF01</b>
<b>Námsgrein</b>	Öryggismál
<b>Viðfangsefni</b>	Öryggismál
<b>Skammstöfun</b>	ÖROF1ÖF01
<b>Staða</b>	
<b>Þrep</b>	1
<b>Einingafjöldi</b>	1
<b>Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla</b>	
<b>Lýsing</b>	Í áfanganum er fjallað um öryggismál og aðbúnað á vinnustöðum. Nemandi kynnist öryggisþáttum vinnustaða eins og neyðarútgöngum, viðbrögðum við bruna og öðrum þáttum er tengjast öryggismálum í matvælagreinum. Einnig er fjallað um grunnþætti er varða atvinnusjúkdóma.
<b>Forkröfur</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuöryggi á vinnustöðum</li> <li>• skipulagi brunavarna á vinnustöðum og kröfum um öryggismál</li> <li>• vinnuslysum og helstu orsökum þeirra</li> <li>• hvað þarf að hafa í huga varðandi tilkynningu vinnuslysa</li> <li>• meðferð hættulegra efna</li> <li>• mismunandi gerðum slökkvitækja og notkun þeirra</li> <li>• mikilvægi réttar líkamsbeitingar og helstu atvinnusjúkdómum í matvælagreinum</li> <li>• öryggiskröfum sem gerðar eru til tækja, véla og annars búnaðar sem notaður er við dagleg störf í matvælagreinum og eftirlitsskyldu með þeim</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	Nemandi skal hafa aflað sér leikni í að : <ul style="list-style-type: none"> <li>• umgangast og beita öryggisbúnaði og tækjum</li> <li>• umgangast hættuleg efni</li> <li>• umgangast vélar og tæki af öryggi</li> <li>• leita upplýsinga í lögum og reglum um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað</li> <li>• bregðast við slysum á vinnustað</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• bregðast rétt við hvers kyns utanaðkomandi hættum</li> <li>• átta sig á réttindum og skyldum starfsmanna á vinnustað</li> </ul>

## Áfangalýsing

	<ul style="list-style-type: none"><li>• fyrirbyggja óhöpp og slys á vinnustað</li><li>• beita slökkvitækjum rétt</li><li>• greina áhættuþætti í starfi í matvælagreinum, nýta öryggisvarnir og fylgja eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu og kunna grunnþætti í fyrstu hjálp</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Símat
<b>Útgáfunúmer</b>	
<b>Skólar</b>	
<b>Fyrirmynd</b>	